

Mánudaginn 24. janúar 1938.

Nr. 110/1937. **Valdstjórnin** (Gunnar Þorsteinsson)
gegn

Hjálmty Guðvarðssyni
(Eggert Claessen).

Áfengislagabrot.

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson
í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 50 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar verði 4 vikur frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði, Hjálmtyr Guðvarðsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Eggerts Claessen, 50 krónur til hvors.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 17. sept. 1937:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hjálmty Guðvarðssyni bifreiðastjóra, til heimilis í Aðal-

stræti 18 hér i bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 9. ágúst 1912, og hefir, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærur og refsingum:

- 1931 $1\frac{3}{4}$ Dómur hæstaréttar, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, skilorðsbundið, fyrir brot gegn 6. og 7. gr. laga nr. 51 1928 sbr. 231. gr. með hliðsjón af 63. gr. hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869.
- 1934 $2\frac{7}{10}$ Sætt 200 króna sekt fyrir ölvun og ólöglegt áfengi í vörzlu.
- 1934 $2\frac{8}{2}$ Dómur hæstaréttar, 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi og 1000 króna sekt fyrir brot gegn 13. gr. sbr. 1. og 27. gr. áfengislaganna.
- 1934 $1\frac{4}{3}$ Dómur aukaréttar Reykjavíkur, 6 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir innbrotsþjófnað og in solidum 150 króna skaðabætur.
- 1934 $2\frac{4}{6}$ Dómur lögregluréttar Reykjavíkur, 300 króna sekt fyrir ölvun og ósvifni við lögregluna. Staðfest í hæstarétti $2\frac{2}{2}$ 1935.
- 1936 $\frac{3}{1}$ Sætt 50 króna sekt fyrir brot gegn 10. gr. lögreglusamykktar Reykjavíkur.

Með játningu kærða er það sannað, að hann hefir frá því í apríl s. l. stundað áfengissölu og á s. l. vetri seldi hann áfengi öðru hvoru. Áfengið, sem hefir eingöngu verið brennivín, hefur kærði keypt í sölubúð Áfengisverzlunar ríkisins á kr. 8 flöskuna.

Hefir hann síðan selt áfengið á kvöldin hér við höfnina hinum og öðrum með tveggja króna álagningu á flöskuna.

Hefir salan verið mest um helgar, allt upp í 20 flöskur, en þess á milli 1—3 flöskur á kvöldi.

Kærði kveðst hafa byrjað á sölu þessari í vetur til þess að nota ágóðann fyrir vinnu sína sjálfum sér. Jókst salan svo smám saman og blandaðist gróðinn við aðrar tekjur kærðs og eyddist til hinna ýmsu þarfa hans bæði í skemmtanir og þarfir heimilisins.

Verður eigi hjá því komizt að líta svo á, að hér hafi verið um sölu í atvinnuskyni að ræða.

Framanskráðan verknað kærðs ber að heimfæra undir 15. gr. sbr. 33. gr. 1. og 2 mgr. áfengislaga nr. 33 9. janúar

1935, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Hjálmtýr Guðvarðsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og greiði 1000 króna sekt til menningarsjóðs, og komi einfalt fangelsi í 45 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 24. janúar 1938.

Nr. 100/1936. Guðrún Jóhanna Jóhannesdóttir eigandi Arnarness (Ingvar Guðmundsson) gegn

Guðjóni Sigurðssyni f. h. kirkjujarðasjóðs eiganda Garðakirkjulands, Gísla Jakobssyni eiganda Hofstaða og Gísla Sigurðssyni og Jóni Einarssyni eigendum Selskarðs

(Sveinbjörn Jónsson).

Landamerkjамál.

Varadómari prófessor Bjarni Benediktsson í forföllum hrd. Gizurar Bergsteinssonar.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 6. júlí 1936, hefir krafizt ómerk-